

# Innbústrygging

## Upplýsingaskjal um váttryggingu

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

SJÓVÁ

Skilmálar nr. 215 og Almennir skilmálar nr. 001

Hér er tekið saman hvað tryggingin innifelur og hvað er undanskilið. Upptalningin er ekki tæmandi en nánari upplýsingar um trygginguna, s.s. váttryggingarfjárhæðir og eigin áhættu má finna í [skilmálum hennar](#), [Almennum skilmálum](#) Sjóvár og á tryggingarskírteininu. Þú getur farið inn á [Mitt Sjóvá](#) til að nálgast þessar upplýsingar.

### Hvers konar trygging er þetta?

Innbústrygging er samsett trygging þar sem brunatrygging er grunnurinn. Til viðbótar við hana er hægt að velja vatnstjóns- og innbrotstryggingar.



#### Hvað er tryggt?

##### Tryggingin bætir tjón á innbúi:

- ✓ Af völdum bruna, sprengingar eða skyndilegs sótfalls úr kynditækjum og eldstæðum.
- ✓ Ef vatn eða annar vökvi flæðir óvænt úr leiðslum hússins.
- ✓ Af völdum innbrots í læsta íbúð, geymslu eða sumarbústað.



#### Hvað er ekki tryggt?

##### Tryggingin bætir ekki:

- × Tjón vegna sviðunar eða bráðunar, t.d. ef hlutur sviðnar frá straujárnri.
- × Tjón af völdum utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða eða snjóbráðar.
- × Tjón vegna þjófnaðar sem framinn er af einhverjum af þeim sem falla undir trygginguna.



#### Eru einhverjar takmarkanir á því sem tryggingin nær yfir?

- ! Tryggingin bætir ekki tjón af völdum náttúruhamfara.



#### Hvar gildir tryggingin?

- Tryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini.



#### Hvaða skyldur hef ég?

- Þú þarft að tilkynna tjón eins fljótt og kostur er og ekki síðar en innan árs frá tjónsdegi.
- Þú þarft að sjá til þess að allar upplýsingar á váttryggingarskírteininu séu réttar.
- Þú þarft að tilkynna okkur um breytingar á heimilisfangi, símanúmeri og netfangi.
- Þér ber að fara eftir varúðarreglum í skilmálum, t.d. þeirri að sjá til þess að dyr, gluggar og önnur op inn á váttryggingarstað séu tryggilega læst og lykklar geymdir þannig að óviðkomandi hafi ekki aðgang að þeim.



#### Hvenær og hvernig greiði ég iðgjaldið?

Iðgjaldið á að greiða á gjalddaga. Við útgáfu eða endurnýjun tryggingarinnar stofnast rafræn krafa í netbanka. Þú átt kost á að dreifa greiðslum iðgjaldsins með:

- Boðgreiðslu, þar sem iðgjaldið er skuldfært mánaðarlega af kredit- eða debetkorti.
- Beingreiðslu, þar sem skuldfært er mánaðarlega af bankareikningi.



## Hvenær tekur tryggingin gildi og hvenær lýkur henni?

---

Tryggingin tekur gildi frá samþykkt tilboðs og endurnýjast árlega þar til henni er sagt upp.



## Hvernig segi ég tryggingunni upp?

---

- Einstaklingar og fyrirtæki með færri en fimm stöðugildi geta sagt tryggingum upp hvenær sem er og falla þær þá niður í lok þarnaesta mánaðar frá því uppsögnin berst. Önnur fyrirtæki geta sagt tryggingum upp með mánaðarfyrirvara fyrir lok tryggingatímabilsins.
- Uppsögn þarf að vera skrifleg, t.d. með rafrænni undirskrift.